

## Umsögn Vestmannaeyjabæjar um drög að frumvarpi til laga um sýslumann

Vísað er til máls nr. 122/2022 í Samráðsgátt stjórnvalda um drög að frumvarpi til laga um sýslumann, sem birt var þann 13. júlí sl.

Fyrir það fyrsta þá gerir Vestmannaeyjabær athugasemd við tímasetningu birtingar á drögum að frumvarpi til laga um sýslumann og tímafrests sem gefinn er til athugasemda. Drögin að frumvarpinu birtast í Samráðsgátt stjórnvalda þann 13. júlí 2022 sl. og upphaflegur umsagnarfrestur 31. júlí nk., sem síðar var framlengdur til 15. ágúst nk. Þessi tímasetning er afar sérstök ef lítið er til þess að um er að ræða aðalorlofstíma ársins og starfsfólk og bæjarstjórnir flestra sveitarfélaga í sumarfríi. Þetta kemur vissulega til með að hafa áhrif á vandaðar og vel ígrundaðar umsagnir.

Vestmannaeyjabær fagnar því markmiði dómsmálaráðherra að efla sýslumannsembættin á landsbyggðinni. Mikilvægt er að þjónusta sýslumanns sé í boði sem víðast á landsbyggðinni með sem mestri nálægð við borgarana. Jafnframt er hverju sveitarfélagi mikilvægt að eiga stjórnsýslustofnanir þar sem í boði eru spennandi störf fyrir metnaðarfulla og menntaða einstaklinga, en oft hefur reynt erfitt að laða að slíka einstaklinga á landsbyggðina. Jafnframt fagnar Vestmannaeyjabær þeim áformum að nútímavæða starfshætti, m.a. með framboði á stafrænum lausnum og gera borgurum þannig kleift að nálgast þjónustu með rafrænum hætti. Hins vegar er gerð athugasemd við undirbúning málsins, lítið sem ekkert samráð við hagsmunaaðila og að byrjað skuli á að breyta stjórnskipulagi embættanna í stað þess að halda áfram og ljúka við þá framfaravinnu sem hafin er í að nútímavæða embættin.

Vestmannaeyjabær hefur margoft lýst afstöðu sinni til sameiningar sýslumannsembættanna undir einn sýslumann. Síðast var það gert með sameiginlegri bókun bæjarstjórnar Vestmannaeyja á fundi sem haldinn var þann 24. mars sl., í framhaldi af bréfi sem dómsmálaráðherra sendi Sambandi íslenskra sveitarfélaga þann 21. mars sl. Bókun bæjarstjórnar er eftirfarandi:

*Nú hefst hjá Vestmannaeyjabæ enn ein baráttan um sýslumanninn í Vestmannaeyjum. Hver dómsmálaráðherra á fætur öðrum hefur áformað að leggja niður stöðu sýslumanns sem veikir verulega embættið hér í Eyjum, embætti sem hefur verið að eflast fyrir tilstilli sýslumannsins í Eyjum að undanfögnu.*

*Þá er óboðlegt að ráðherra sendi bæjaryfirvöldum bréf þar sem áformin eru reifuð og óskað eftir samstarfi sex dögum eftir að lesa mátti tilkynningu um þau í fjölmiðlum. Eðlilegra hefði verið að ráðherra kynnti sveitarfélögunum áform sín fyrirfram. Mikilvægt er að fundur með ráðherra og bæjarráði fari fram sem fyrst og hefur ráðið óskað eftir honum.*

*Engin ný verkefni eru skilgreind í yfirferðinni hjá ráðherra en það er nauðsynlegt að þau séu skilgreind sé það ætlun ráðherra að styrkja embættin.*

*Bæjarstjórn Vestmannaeyja mótmælir þessum áformum harðlega og þar sem ekki er hægt að sjá hvernig þetta á að styrkja embættin og munum gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að reka ráðherrann til baka með áform sín líkt og forvera sína og vinna í því að starfsemi embættisins í Eyjum verði eflað enn frekar.*

Erfitt er að sjá í umræddu frumvarpi að tekið hafi verið tillit til athugasemda Vestmannaeyjabæjar, m.a. um ný verkefni. Þá hefur ekkert samráð átt sér stað við Vestmannaeyjabæ um sameiginlega opinbera þjónustu. Ekki er vitað til þess að slíkt samráð hafi átt sér stað við eitthvert sveitarfélag á landinu.

Hvergi er í frumvarpinu minnst á þau feitletruðu skilaboð sem eru að finna í bréfi dómsmálaráðherra til Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 21. mars sl., um að efla núverandi starfsemi og styrkja þær starfsstöðvar sem eru að þjónusta almenning um allt land. Frumvarpið gengur meira og minna út á að sameina sýslumannsembættin undir eina yfirstjórn til hægt sé að auka nútímalega starfshætti. Væri ekki nær að ljúka við þá vinnu sem hafin er við að nútímavæða starfshætti sýslumannsembætta, m.a. með stafrænni þróun, rafrænum undirritunum o.fl., áður en ráðist er í slíkar breytingar á skipulagi embættanna.

Værið er að veita ýmsa persónulega og viðkvæma þjónustu við borgara hjá embættum sýslumanna. Þar er m.a. veitt þjónusta í mjög viðkvæmum málaflokkum, sem oft á tíðum krefjast samtals við starfsfólk sýslumanna. Þar að auki þarf að gera ýmsar breytingar á lögum, svo hægt sé að veita þjónustuna með öðrum hætti en nú er. Rétt væri að taka á þeim málum áður en ráðist er í skipulagsbreytingar.

Í frumvarpinu eru engar tryggingar fyrir áframhaldandi starfsemi til lengri tíma, aðeins lágmarkslýsing, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Þar er kveðið á um að landið sé eitt umdæmi og starfsemi, án þess að henni sé lýst nánar verði á tilteknum stöðum um landið, m.a. í Vestmannaeyjum. Hvergi er minnst á hvort sú starfsemi telji jafnmarga starfsmenn, hvort þeir haldi sömu launum og hvort þeir hafi þekkingu á verkefnum, sem sýslumaður kemur til með að fela þeim. Svo virðist sem þessi kafli sé vanhugsaður.

Samkvæmt frumvarpinu á sýslumaðurinn að ákveða fagsvið hvers svæðis að höfðu samráði við ráðherra. Hér er heilmikið vald í byggðamálum í raun fært til dómsmálaráðherra og engin útlistun á því hver þessi fagsvið eigi að vera.

Kjarninn í starfsemi sýslumanna (fjölskyldumál, persónuréttindi ýmiskonar, fullnusturéttarfar, leyfismál, almenn þjónustu og leiðbeiningar) er ekki nefndur í frumvarpinu. Þar með er kjarnastarfsemi sýslumanns ekki skilgreind og auðveldlega hægt að færa ýmsa þjónustu til annarra stofnana.

Markmið breytinganna er að fella niður umdæmamörk vegna flutnings nýrra verkefna, en án þess að fækka skrifstofum og starfsfólki, sbr. starfræna þróun og almenna möguleika, en engin ný verkefni hafa verið kynnt óformlega eða í frumvarpinu.

Engar upplýsingar eru í frumvarpinu um áformaðar lagabreytingar annarra laga sem áhrif hafa á starfshætti sýslumannsembættanna.

Óvissa er uppi um fjárhagslegan undirbúning, þ.e. rekstrargrundvöll nýs embættis. Kallað hefur verið eftir útreikningum án þess að þeir hafi verið sýndir. Ómögulegt er að átta sig á hver framtíðaráformin eru. Ef uppi eru áform um niðurskurð í ríkisfjármálum þá er fullkomin óvissa uppi um hvar sá niðurskurður skuli koma fram. Þetta þarf að hugleiða í samhengi við þá staðreynd að kjarnastarfsemi sýslumanns er óskilgreind í frumvarpinu.

Til stendur að segja upp öllu starfsfólki sýslumanna á landinu, en bjóða því störf aftur. Þar sem ekki er sýnt á spilin hvað varðar rekstrargrundvöll nýs embættis er augljóst að það á að bjóða störf að því marki sem fjárheimildir leyfa. Óskiljanlegt er að segja þurfi upp öllu starfsfólki við það eitt að sameina embættin undir eina yfirstjórn. Bent er á lög um réttarstöðu starfsmanna við að aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002 og þess skilnings sem verið hefur á þeim lögum að stofnanir teljist til fyrirtækja og umrædd lög gildi um starfsfólk ríkisstofnana og annarra opinberra aðila. Samkvæmt lögnum er óþarfi að segja upp starfsfólki við sameiningu embætti undir eina yfirstjórn. Vekur það því upp þá spurningu hvort með uppsögnum og endurráðningu á starfsfólki standi til að skerða kjör

og réttindi þess með einhverjum hætti. Störfin á starfsstöðvum sýslumannsembættanna um landið allt verða þannig með framlagningu frumvarpsins í fullkominni óvissu.

Eins og fram kemur í skýrslunni hefur frá sameiningu sýslumannsembættanna árið 2015, verið unnið mikið og gott uppbyggingarstarf og sýslumenn tilnefndir til verðlauna fyrir innleiðingu á starfrænni þjónustu. Ekki þurfti lagabreytingu fyrir þeim framfaraskrefum sem stigin hafa verið og svo virðist sem allar mælingar á þjónustu, starfánægju og rekstrarmælikvarðar hafa verið jákvæðir undanfarin ár.

Það má taka undir að lögsagnarumdæmin standi að jafnaði í vegi fyrir því að unnt sé að dreifa álagi og færa til verkefni milli lögsagnarumdæma. Það er hins vegar hægt að gera með breytingum á einstökum lagabálkum, skilgreining sérverkefna og með auknu samstarfi embættanna, sem fordæmi eru fyrir. Þetta má allt gera í stað gagnberra breytinga á grunnskipulagi rótgrónna stofnana sem sýslumannsembættin eru. Ef gera á breytingar sem þessar þarf að vera um þær pólitísk sátt og vinnan mun betur undirbúin. Svona vinnu þyrfti að vinna í samhengi við uppbyggingu annarra ríkisstofnana svo sem lögreglu og héraðsdómsstóla og unnt að rökstyðja nauðsyn breytinganna á faglegum forsendum.

Hér er um að ræða risastórt hagsmunamál fyrir landsbyggðina. Fyrirsjálegt er að lögfræðingum getur fækkað á landsbyggðinni. Þrátt fyrir að stöðu núverandi sýslumanna verði breytt í svæðisstjóra, eru engar skorður settar við því hvar löglærðir fulltrúar hins nýja embættis skuli staðsettir. Frumvarpið hefur verið kynnt sem landsbyggðarmál, en samtalið við sveitarfélögin ekki átt sér stað. Óvissan sem fylgir framlagningu frumvarpsins er í andstöðu við markmið Byggðaáætlunar 2018-2024, um að jafna aðgengi landsmanna að þjónustu, jafna tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

Í samþykktri þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun 2022-2026 er kveðið á um eflingu starfsemi og atvinnu á landsbyggðinni. Ekki verður séð að í frumvarpinu um að markmiðum um að opinber þjónusta í héraði verði eflað og atvinnutækifærum fjölgað sbr. lið A8 í aðgerðaáætlun tillögunnar.

Héraðsdómur Suðurlands heldur reglulega dómþing í Vestmannaeyjum og mikilvægt að svo verði áfram. Dómþing felast m.a. í því að dómari heldur regluleg þinghöld í Vestmannaeyjum, m.a. í einkamálum, gjaldprotaskiptamálum, sakamálum og öðrum málum sem koma til kasta Héraðsdóms Suðurlands. Reglulega eru til aðalmeðferðar sakamál í Vestmannaeyjum þar sem kvaddir eru til aðilar og vitni máls á vettvangi sakamálsins í Vestmannaeyjum. Mikill kostnaður fælist í því að halda dómþingin fjarri vettvangi og vitnum.

Í samandregnu máli þá er það af hinu góða að ráðherra áformi að bæta þjónustu sýslumannsembættisins og að efla starfsstöðvar þess á landsbyggðinni. Að því leyti geta falist tækifæri fyrir starfsstöðvar embættisins á landsbyggðinni. Hins vegar telur Vestmannaeyjabær að byrjað sé á röngum enda, ekkert samráð hefur verið haft við sveitarfélög um starfsemi starfsstöðva embættisins, ekki er hægt að lesa út úr frumvarpinu hvort og hvernig eigi að efla starfsstöðvarnar á landsbyggðinni, ekki er kveðið á um hvernig og hvar eigi að leysa viðkvæma og persónulega þjónustu við borgara, þar sem nálægðin skiptir máli, engar tryggingar eru fyrir áframhaldandi starfsemi starfsstöðvar á landsbyggðinni til lengri tíma, ekki er kveðið á um lagabreytingar annarra laga sem áhrif hafa á starfshætti sýslumannsembættanna, hver verða áhrifin á starfsstöðvar á landsbyggðinni þegar kemur til fjárhagsálegtrar hagræðingar (niðurskurðar) í ríkisfjármálum, sem oftast hafa áhrif á rekstur stofnana, réttarstaða starfsfólks við breytingarnar er ekki tryggð, né skv. lögum um réttarstöðu einstaklinga við aðilaskipti og tryggja þarf að dómþing verði áfram starfrækt í Vestmannaeyjum.

**Vestmannaeyjabær leggur til að dómsmálaráðherra falli frá áformum um að leggja fram frumvarp til laga um sýslumann á þesum tímapunkti og hefji eðlilegt samráð við hlutaðeigandi aðila um framtíðarsýn fyrir sýslumannsembættin í landinu.**

*Vestmannaeyjabær*  
*27. júlí 2022*